



FRÆÐSLUEFNI FRÁ KRABBAMEINSFÉLAGINU

Kynlíf og krabbamein í blöðruhálskirtli

Fræðsluefni fyrir karla sem hafa
greinst með sjúkdóminn





Kynlíf og krabbamein í blöðruhálskirtli

Þetta er að finna í fræðsluefninu

- Hvaða áhrif getur blöðruhálskirtilskrabbamein haft á kynlífið?
- Risvandamál
- Önnur vandamál í kynlífi
- Kynlíf og sambönd
- Hugsanir/vangaveltur og tilfinningar
- Spurningar til læknis eða hjúkrunarfræðings
- Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins býður upp á kynlífsráðgjöf fyrir pör og einstaklinga. Hægt er að panta tíma í síma **800 4040** eða senda fyrirspurn á netfangið **radgjof@krabb.is**. Á Landspítala er veitt kynlífsráðgjöf fyrir bæði einstaklinga og pör. Kynlífsráðgjöf Landspítala er í boði fyrir þá sjúklinga sem eru innritaðir á spítalann.

Upplýsingarnar eru ætlaður körlum og mökum þeirra, sem vilja vita hvernig blöðruhálskirtilskrabbamein og meðferð við því getur haft áhrif á kynlíf og sambönd. Hér er lýst hugsanlegum aukaverkunum á kynlíf og hvaða meðferð og stuðningur er í boði.

Fræðsluefnið er fyrir alla karla sem greinst hafa með blöðruhálskirtilskrabbamein.

Hér er um almennar leiðbeiningar að ræða en hægt er að óska eftir frekari upplýsingum hjá læknum og hjúkrunarfræðingum.

Hvernig getur blöðruhálskirtilskrabbamein haft áhrif á kynlífið?

Blöðruhálskirtilskrabbamein og meðferð við því getur haft áhrif á kynlífið með mismunandi hætti, bæði andlega og líkamlega, og haft áhrif á parasambandið. Til eru meðferðarúrræði og stuðningur sem geta gefið svör og bent á leiðir til að takast á við vandamál.

Meðferð við blöðruhálskirtilskrabbameini getur haft áhrif á:

- getu þína til að fá ris, sáðlát og fullnægingu,
- kynlöngun hjá þér,
- möguleika þína til að eignast börn,
- sjálfsmynd þína sem kynveru,
- líkamlegt útlit,
- parasamband.

Útskýringar á nokkrum algengum áhyggjuefnum

- krabbamein smitast ekki við samfarir
- það skaðar ekki meðferðina að stunda kynlíf
- að stunda kynlíf hefur engin áhrif á hvort krabbameinið tekur sig upp aftur eftir að meðferð lýkur
- það er í lagi að fá stinningu þótt þú sért með þvaglegg



Erfiðleikar með að fá stinningu

Meðferð við krabbameininu getur valdið risvandamálum, bæði að fá stinningu og að halda henni.

Þetta nefnast risvandamál eða stinningar-erfiðleikar. Þeir sem greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli hafa oft átt í erfiðleikum með kynlíf fyrir greiningu. Ástæður rístruflana geta verið af ýmsum toga og eru algengari með aldrinum. Það þarf ekki að þýða að ekkert sé hægt að gera við því.

Menn eru mismunandi. Sumir karlar finna fyrir þessu tímabundið og svo lagast það aftur. Aðrir geta fengið stinningu með því að fá lækni-meðferð en í sumum tilfellum gerir það ekki gagn.

Hvað veldur rístruflunum?

Þegar þú örvast kynferðislega sendir heilinn taugaboð til tauganna í limnum. Við það eykst blóðflæði fram í liminn og hann verður stinnur. Allt sem truflar taugaboðin, blóðflæðið eða kynörvunina getur valdið erfiðleikum við að fá stinningu og halda henni.

Meðal þess sem orsakar rístruflanir er:

- meðferð við blöðruhálskirtilskrabbameini,
- önnur heilsufarsvandamál eins og sykursýki og hjartasjúkdómar,
- viss lyf,
- þunglyndi og kvíði,
- reykingar, áfengisdrykkja í óhófi og ofþyngd.

Hvaða meðferð er í boði við rístruflunum?

Nokkur úrræði eru í boði sem virka á mismunandi hátt:

- lyf í töfluformi,
- risdæla,
- inndæling,
- testósterónmeðferð.

Það getur verið gagn í að ræða áhyggjuefni tengt kynlífi í nánú sambandi því líðan og tilfinningar hafa áhrif á stinningu.

Það er einstaklingsbundið hversu vel meðferðin virkar og hvort risvandamál lagast. Almenn heilsufar, risvandamál áður en blöðruhálskirtilskrabbameinið greindist, þau úrræði sem þú prófar, aldur þinn, allt hefur þetta áhrif. Hægt er að prófa mismunandi úrræði og halda sig við það í nokkurn tíma til að finna út hvað hentar best.

Sum meðferðarúrræði við risvandamálum geta virst sérkennileg og skemmt stemninguna til að byrja með en margir komast yfir það og venjast því. Sum þör nota úrræðið sem hluta af forleiknum, t.d. að nota risdæluna.

Hvað get ég gert til að hjálpa mér sjálfur?

Með því að stunda líkamsrækt, halda kjörþyngd, ekki reykja og gera grindarbotnsæfingar geturðu bætt kynlífið og stinninguna.

Lyf í töfluformi

Lyf í lyfjaflokki svokallaðra PDE5-hemjara geta hjálpað þér að fá stinningu. Þeirra á meðal eru lyfin:

- Sildenafil (samheiti/innihaldsefni Sildenafil eða Viagra®),
- Tadalafil (samheiti/innihaldsefni Tadalafil eða Cialis®).

Til þess að lyfin virki þarftu fyrst að verða orðinn kynferðislega örvaður. Lyfin byrja yfirleitt að virka um 30 mínútum til klukkustund eftir inntöku.



Þú mátt taka Sildenafil, þegar þú þarft á að halda. Það virkar í fjórar til sex klukkustundir. Ef lyfið virkar vel ættir þú að geta fengið stinngu ef þú færð kynferðislega örvun á verkunartímanum.

Tadalafil virkar í allt að 36 klukkustundir svo það gefur tækifæri til að grípa rétta augnablikið. Læknirinn þinn gæti einnig mælt með að þú takir lágan skammt (5 mg) af Tadalafil daglega.

Ekki gefast upp

Verið getur að lyfið virki ekki í nokkur fyrstu skiptin. Það getur tekið tíma að finna út rétta tímann til að taka töflu. Prófaðu hverja lyfjategund í að minnsta kosti átta skipti áður en þú prófar nýtt lyf. Stundum er betra að taka lyf á tóman maga og sum lyf virka ekki eins vel ef þau eru tekin eftir stóra fituríka máltíð eða með áfengi eða ávaxtasafa.

PDE5-hemjarar geta valdið vandræðum ef þú tekur lyf við of háum blóðþrýstingi. Láttu lækninn eða hjúkrunarfræðing vita ef þú tekur lyf við of háum blóðþrýstingi. Ef þú tekur blóðþrýstingslyf sem eru svokallaðir alpha-blokkerar gæti verið að læknir eða hjúkrunarfræðingur ráðleggi þér að láta líða að minnsta kosti fjórar klukkustundir milli inntöku þessara lyfjategunda.

Ekki ætti að taka PDE5-hemjara ef þú tekur lyf sem kallast nítröt. Ef þessi lyf eru tekin samtímis getur blóðþrýstingur orðið lífshættulega lágur. Tungurótartöflur (sprengitöflur) sem innihalda nítröt eru vanalega notaðar við hjartavandamálum eins og brjóstverk. Nítröt er einnig að finna í fíkniefnum, svokölluðum „poppers“. Ef þú ert með hjartasjúkdóma eða notar tungurótartöflur (nítröt) þarftu að ræða við lækninn þinn um aðra meðferð við rístruflunum.

Risdæla



Þú notar risdælu og plasthólk til að mynda lofttæmi, en við það streymir blóð fram í liminn og hann verður stinnur. Því næst rennirðu gúmmíhring frá

enda hólksins og setur hann utan um limrótina. Þetta kemur í veg fyrir að blóðið flæði úr limnum í einhverju magni þegar þú fjarlægir dæluna. Til eru nokkrar stærðir af gúmmíhring og þarf að finna þá stærð sem passar. Ekki er mælt með því að vera með gúmmíhringinn lengur en 30 mínútur í senn.

Þegar þú ert kominn í æfingu ættirðu að geta fengið stinngu á tveim til þrem mínútum. Margir karlar nota dæluna samhliða annari meðferð, til dæmis töflumeðferð.


Þú getur einnig notað dæluna daglega til að fá blóðflæði fram í liminn. Það stuðlar að heilbrigði limsins til lengri tíma og getur hjálpað til að viðhalda stærð limsins. Þegar risdælan er notuð í þessum tilgangi er gúmmíhringurinn ekki notaður.

Risdæla og gúmmíhringur





Inndælingar



Hægt er að meðhöndla rístruflanir með lyfjum sem gefin eru með sprautu sem þú getur gefið þér sjálfur. Lyfin eru: Alprostadil (Caverject® og Caverject® Dual Chamber).

Að gefa sjálfum sér sprautu getur virst fráhrindandi en mörgum körlum finnst það í lagi og finnst það ekki sárt. Hjúkrunarfræðingur eða læknir kennir þér hvernig þú sprautar í hlið limsins með mjög fingerðri nál. Það er gengið úr skugga um að þú sért öruggur og sáttur við að sprauta þig áður en þú ferð heim.

Þú færð stinngu innan fimm til 10 mínútna og hún varir í allt að klukkustund.

Ef stinningin hverfur ekki

Það getur verið sársaukafullt ef stinningin fer ekki og á það við öll meðferðarúrræði við rístruflunum. Ef þetta gerist er mælt með að reyna sitja á hækjum sér, ganga upp og niður stiga eða einfaldlega pissa.

Farðu á næstu bráðamóttöku eða næsta sjúkrahús ef stinningin hefur varað í meira en fjórar klukkustundir. Þetta ástand nefnist sístaða lims og flokkast sem læknisfræðilegt bráðatilvik sem hægt er að meðhöndla. Þetta er mjög sjaldgæft en aðeins algengara hjá körlum sem nota inndælingu frekar en aðra meðferð.

Testósterón uppbótarmeðferð

Ef þú hefur fengið vel heppnaða meðferð við staðbundnu blöðruhálskirtilskrabbameini og lágt testósteróngildi er orsök rístruflana hjá þér gæti testósterón uppbótarmeðferð hentað þér.

Virkar meðferðin ef ég er á hormónahvarfsmeðferð?

Hormónahvarfsmeðferð dregur úr kynlöngun. Sum meðferðarúrræði, t.d. lyf í töfluformi virka bara þegar þú finnur fyrir kynferðislegri örvun svo það er ólíklegt að lyf í töfluformi séu góður valkostur. En inndæling eða risdæla geta auðveldað þér að fá stinngu.

Það er enn möguleiki að upplifa nánd og innleika með makanum og finna nýjar leiðir í kynlífi þótt þú sért á hormónahvarfsmeðferð.

Hvernig fæ ég meðferð og stuðning?

Karlar með blöðruhálskirtilskrabbamein geta fengið meðferð við rístruflunum og öðrum kynlífsvandamálum sér að kostnaðarlausu innan heilbrigðiskerfisins. Heimilislæknar, sérfræðingar og heilbrigðisstarfsfólk sem hefur sérhæft sig í meðferð kynlífsvandamála getur veitt meðferð við rístruflunum til að hægt sé að stunda kynlíf eða sjálfsfróun. Það eru engin aldurstakmörk til að fá meðferð en það eru takmörk fyrir því hvað heimilislæknir getur skrifað uppá. Læknirinn þinn eða hjúkrunarfræðingur geta vísað þér í sérþjónustu eftir því sem við á.

Margir karlar veigra sér við að biðja um aðstoð eða prófa meðferðarúrræði, það getur verið erfitt að horfast í augu við vandamálið og ræða það. En það eru til sérfræðingar sem hafa reynslu og sérþekkingu til að takast á við kynlífsvandamál og vandamál í parasamböndum. Þeir geta aðstoðað þig við að bæta líðan þína með því að ræða meðferðarúrræðin og benda á leiðir til að ráða fram úr breytingum í sambandinu við makann. Ef þú átt maka geturðu boðið honum að koma með þér viðtöl.



Haltu út

Meðferð við rístruflunum byggist ekki á skyndilausnum. Oft þarf að halda sig við sömu meðferð í nokkurn tíma eða prófa mismunandi úrræði til að finna út hvað er besta meðferðin.

Samsett meðferðarúrræði, t.d. risdæla og lyf í töfluformi samtímis, geta virkað betur saman heldur en ef aðeins önnur hvor meðferðin er notuð. Ræddu við lækni um hvað myndi henta þér.

Hvað með önnur heilsufarsvandamál?

Sum meðferðarúrræði henta þér ekki ef þú ert með hjartasjúkdóm, sigðfrumusjúkdóm, peyronie-sjúkdóm eða tekur nítröt við hjartaöng. Ráðfærðu þig við lækni eða hjúkrunarfræðing ef þetta á við þig og láttu vita um öll önnur lyf sem þú hugsanlega tekur.

Hvenær á ég að hefja meðferð?

Þú getur hafið meðferð við rístruflunum þegar þú ert tilbúinn til þess. Ef þú byrjar meðferð fljótlega eftir krabbameinsmeðferð, t.d. með lágum skömmtum af töflumeðferð einu sinni á dag eða notar risdælu reglulega til að viðhalda flæði á súrefnisríku blóði til limsins getur það aukið líkurnar á að fá ris og halda því þegar fram líða stundir. Ef þú ert með rístruflanir áður en krabbameinsmeðferð hefst getur þú hafið þá meðferð áður en krabbameinsmeðferðin hefst.

Önnur áhyggjuefni og erfiðleikar í kynlífi

Blöðruhálskirtilskrabbamein og meðferð við því getur haft margvísleg önnur áhrif á kynlífið.

Mun krabbameinið hafa áhrif á kynlöngun mína?

Krabbameinið og meðferðin við því getur haft áhrif á kynlöngunina. Hormónahvarfsmeðferðin dregur úr kynlöngun og áhugi á kynlífi minnkar. Þetta er vegna þess að sumar tegundir hormónahvarfsmeðferðar lækka testósterónið í líkamanum, en það gegnir veigamiklu hlutverki í sambandi við kynlöngun.

Ef þú ert á samfelldri hormónahvarfsmeðferð geturðu rætt við lækni eða hjúkrunarfræðing um hormónahvarfsmeðferð með hléum. Þá er gert hlé á hormónahvarfsmeðferðinni þegar PSA-gildið er lágt og stöðugt og byrjað aftur á meðferð ef PSA-gildið hækkar. Kynhvötin getur aukist þegar þú ert ekki á hormónahvarfsmeðferðinni en það getur samt tekið nokkra mánuði að breytast.

Um kynlíf og sjúkdóma má einnig sjá upplýsingar á: <https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/fraedsluefni/kynlif-og-sjukdomar/>.

Mun meðferðin við blöðruhálskirtilskrabbameininu breyta stærð og lögun limsins?

Sumir karlar taka eftir því að limurinn hefur styst aðeins eftir skurðaðgerð. Sumir taka eftir öðrum breytingum, t.d. sveigju á limnum. Önnur meðferðarúrræði við blöðruhálskirtilskrabbameini, til dæmis hormónahvarfsmeðferð með geisla-meðferð, geta valdið stærðarbreytingum á limnum.

Örvun á blóðflæði til limsins getur minnkað líkurnar á þessu. Einkum virkar vel að nota risdælu með eða án lyfja. Það getur bæði viðhaldið stærð limsins og aukið stinningu. Þetta kallast endurhæfing á lim.

„Limurinn hefur minnkað og fullnægingin er ekki eins sterk og áður. Ég á skilningsríkan og ástríkan maka svo þetta hefur ekki verið vandamál.“

Persónuleg reynsla



Mun ég geta fengið fullnægingu og sáðlát eftir krabbameinsmeðferðina?

Eftir meðferð við blöðruhálskirtilskrabbameini er tilfinning enn til staðar í limnum. Þú ættir að geta fengið fullnægingu en tilfinningin getur verið öðruvísi en áður. Sumir karlar missa getuna til að fá fullnægingu. Þetta á einkum við um þá sem eru á hormónahvarfsmeðferð.

Sumir karlar finna fyrir þvagleka eða finna sársauka við fullnægingu. Öðrum finnst þeir ekki geta haldið út í samförum eins lengi og áður og fá fullnægingu fyrr en þeir gerðu.

Ef þú hefur farið í skurðaðgerð þar sem kirtillinn var tekinn færðu ekki sáðlát. Það stafar af því að bæði blöðruhálskirtillinn og sáðblöðrunar, sem framleiða hluta vökvans í sæðinu, voru fjarlægðar í aðgerðinni. Þess í stað færðu þurra fullnægingu – þú upplifir fullnægingartilfinninguna en færð ekki sáðlát.

Ef þú hefur farið í ytri geislameðferð, innri geislameðferð eða hormónahvarfsmeðferð getur verið að sæðisframleiðslan minnki meðan á meðferð stendur og eftir að henni lýkur. Eftir ytri geislameðferð, innri geislameðferð og hátíðni hljóðbylgjumeðferð með ómsjá getur verið að þú takir eftir örlitlu blóði í sæðinu. Þetta er almennt ekki vandamál en láttu lækni eða hjúkrunarfræðing vita ef það gerist. Sumum körlum á hormónahvarfsmeðferð finnst fullnægingin ekki eins sterk og áður.

Afturvirk sáðlát

Ef þú hefur fengið geislameðferð við blöðruhálskirtilskrabbameini eða farið í heflun á blöðruhálskirtli (TURP) til að auðvelda þvaglát geturðu fengið afturvirk sáðlát. Það sem gerist er að sæðið fer til baka inn í þvagblöðruna þegar þú færð fullnægingu í stað þess að fara eftir þvagrásinni og út um liminn. Sæðið skilar sér úr líkamanum næst þegar þú pissar. Þetta er ekki hættulegt og ætti ekki að hafa áhrif á að þú njótir kynlífs en þú upplifir ef til vill breytingu á fullnægingunni frá því sem áður var.

Get ég eignast börn eftir krabbameinsmeðferðina?

Það er ekki víst að þú getir eignast börn á eðlilegan hátt eftir að þú hefur fengið meðferð við blöðruhálskirtilskrabbameini. Eftir brottnám á blöðruhálskirtli færðu ekki sáðlát. Ef þú hefur fengið ytri eða innri geislameðferð getur það breytt hæfileika þínum til að framleiða sæði, þó getur það verið tímabundið.

Eftir ytri og innri geislameðferð er mögulegt að vökvaframleiðslan sé minni við sáðlát en þú gætir enn verið frjór.

Varðveisla sæðis

Hægt er að frysta sæði ef þörf er á áður en þú byrjar meðferð. Spurðu lækni eða hjúkrunarfræðing um möguleika á varðveislu sæðis. Einnig er hægt að afla sér upplýsinga hjá sérfræðingum í frjósemislækningum. Yfirleitt er hægt að geyma sæði í allt að 10 ár og stundum lengur.

Um varðveislu á frjósemi má sjá nánar á: <https://livio.is/livio-reykjavik/medferdir/vardveisla-frjosemi/>

Kynlíf og sambönd

Fyrir þá sem eru í nánu sambandi getur krabbameinið og aukaverkanir sem því fylgja haft í för með sér breytingar á sambandinu og kynlífinu.

Þrátt fyrir að kynlífið verði líklega ekki eins og það var áður eru margar leiðir til að upplifa ánægju, nánd og gleði saman. Líkamleg nánd getur varðveitt sambandið og bætt það. Sumum þörum finnst gagnlegt að fá faglega ráðgjöf. Hérlandis er hægt að bóka tíma hjá kynfræðingum á Landspítala og hjá Krabbameinsfélaginu eða hjá sjálfstætt starfandi kynlífsráðgjöfum.

„Ástarlíf okkar er mjög gefandi og náíð þrátt fyrir að við höfum ekki samfarir.“

Persónuleg reynsla



Hugsanir þínar og tilfinningar

Breytingar á líkamanum og í kynlífi geta haft mikil áhrif. Kannski hefur þú áhyggjur eða finnur fyrir óánægju eða reiði. Það er ekki til rétt eða röng leið til að takast á við breytingarnar. Sumir karlar vilja prófa mismunandi meðferðarúræði við rístruflunum og aðrir vilja finna aðrar leiðir til að upplifa nánd með maka sinum. Mikilvægast er að finna rétta lausn fyrir þig og fá stuðning og ráð ef þú óskar þess.

Að fá stuðning

Þú getur bætt líðan þína með því að sækja þér stuðning ef þú ert stressaður og dapur vegna breytinga á kynlífinu. Þú ert ekki einn. Fjöldi karla, hvort sem þeir eru með blöðruhálskirtilskrabbamein eða ekki, glímur við vandamál í kynlífi. Það getur verið gott að tala við aðra sem hafa svipaða reynslu og þú eða ræða við fagaðila sem eru vanir að hlusta og veita stuðning.

Hérlandis er hægt að bóka tíma hjá hjá kynfræðingum á Landspítala og hjá Krabbameinsfélaginu eða hjá sjálfstætt starfandi kynlífsráðgjöfum. Hægt er að panta tíma hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins í síma **800 4040** eða senda fyrirspurn á netfangið **radgjof@krabb.is**.

Stuðningshópar

Framför eru samtök karla sem greinst hafa með krabbamein í blöðruhálskirtli. Hjá Framför eru þrjár stuðningshópar: „Frískir menn“ fyrir karla í virku eftirliti, „Góðir hálsar“ fyrir karla sem hafa farið í meðferð og „Traustir makar“ fyrir maka karla sem eru með krabbamein í blöðruhálskirtli.

Í stuðningshópum hittast karlar og deila reynslu sinni og upplifunum. Þar skapast vettvangur fyrir fræðslu og þú getur komið með spurningar, talað um það sem veldur þér áhyggjum og veist að þar eru aðrir sem skilja hvað þú ert að ganga í gegnum. Makar, vinir og ættingjar eru einnig velkomnir.

Hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins og Framför getur þú komist í samband við hópana og við einstaklinga sem hafa sambærilega reynslu. Fjölskyldumeðlimir geta einnig fengið að ræða við aðstandendur karla sem hafa greinst með blöðruhálskirtilskrabbamein. Nánari upplýsingar hjá Krabbameinsfélaginu í síma **540 1900** eða **800 4040**, **radgjof@krabb.is** og á **krabb.is**.

Ljósíð, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þess. Þar starfar hópur fyrir karla með krabbamein í blöðruhálskirtli. Nánari upplýsingar hjá Ljósinu í síma **561 3770**, **ljosisid@ljosisid.org** og á **ljosisid.org**.

Preyta/magnleysi

Margir sem greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli hafa fundið til þreytu og eða magnleysis í greiningarferlinu, á meðan meðferð stendur og/eða eftir að henni lýkur. Ráðgjöf um þreytu/magnleysi má fá hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins í síma **800 4040** eða senda fyrirspurn á netfangið **radgjof@krabb.is**.

Einnig er að finna upplýsingar í bæklingi Landspítalans „Preyta/magnleysi hjá fólki sem greinst hefur með krabbamein: https://www.landspitali.is/library/Sameiginlegar-skrar/Gagnasafn/Sjuklingar-og-adstandendur/Sjuklingafrædsla---Upplýsingar/Krabbamein/%C3%9Ereyta_magnleysi_krabbamein_mDagbok.pdf



Spurningar fyrir lækinn og hjúkrunarfræðinginn

Það getur verið gott að skrifa hjá sér spurningar sem maður vill fá svör við fyrir næsta viðtal.

Hvernig getur meðferðin við blöðruhálskirtilskrabbameininu haft áhrif á kynlífið hjá mér?

Hvenær má ég byrja að fróa mér eða hafa samfarir eftir að meðferð lýkur?

Hvers konar meðferð við rístruflunum hentar mér best? Hvert sný ég mér til að fá meðferð?

Get ég gert eitthvað til að undirbúa mig áður en ég byrja í krabbameinsmeðferð?

Hvað gerist ef meðferðin virkar ekki? Er þá eitthvað annað í boði?

Hvers konar annar stuðningur er í boði?

Getur maki minn líka fengið stuðning?



Fræðsluefnið er í meginatriðum þýðing á fræðsluefninu „Sex and prostate cancer“ sem gefið er út af samtökunum Prostate Cancer UK, (<http://prostatecanceruk.org>). Þau hafa það að markmiði að hjálpa mönnum að takast á við greiningu á krabbameini í blöðruhálskirtli og að njóta betri lífsgæða eftir greininguna. Bresku samtökin gáfu Krabbameinsfélaginu leyfi til að þýða ritið og staðfæra að íslenskum aðstæðum án endurgjalds.

Framför, samtök karla sem greinst hafa með krabbamein í blöðruhálskirtli (Stuðningshóparnir Frískir menn og Góðir hálsar), Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins og Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins standa að útgáfu þessa fræðsluefnis. Velunnarasjóður Krabbameinsfélags Íslands styrkir útgáfuna.

Upprunaleg útgáfa þessa fræðsluefnis var unnin af upplýsingahópi Prostate Cancer UK, ýmsum sérfræðingum, sjálfboðaliðum frá samtökunum og sérfræðingum í hjúkrun sem störfuðu innan Prostate Cancer UK.

Íslensku þýðinguna annaðist Þórunn M. Lárusdóttir hjúkrunarfræðingur og yfirlestur þýðingar og aðlögun að íslenskum aðstæðum önnuðust þvagfærasérfræðingur og hjúkrunarfræðingar á þvagfæraskurðeild og göngudeild krabbameina á Landspítalanum.

Mars 2022.